

nefndur Skapti Jóseppson gjörir í þessu máli, vera eins gilt sem jeg hefði gert það sjálfur, enda er hann dominus litis og má með málið fara sem sitt eigið og eins og honum þykir best við eiga. Þetta skjal verður ekki skilið svo, að álitu rjettarins, að umboð eða umráð Skapta Jóseppsonar yfir málinu hafi átt að haldast lengur en meðan málið stæði yfir í hjeradi eða til þess dómur þar væri fallinn, sbr. sjerstaklega orðin: »höfða og sækja«, og það er því engin ástæða til að álíta málið óviðkomandi stefnda, eða að honum beri eigi að svara til sakar við áfrýjun dómsins, sem þó með ákvæðum sínum, sekt á áfrýjanda og ómerkingu meidyrðanna, snertir engan mann annan, að frátöldum áfrýjanda, en stefnda og ærurjettindi hans. Krafa stefnda um frávisun málsins verður því eigi tekin til greina, en honum ber að veita hálfsmánaðarfrest til andsvara í aðalefni málsins samkvæmt varakröfu hans.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður eigi tekin til greina, en honum veitist hálfsmánaðar frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Mánudaginn 30. aprílmánaðar.

Nr. 13/1894:

Rjettvísun

gegn

Guðbjörgu Guðmundsdóttur og

Guðmundi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Rangárvallasýslu, uppkveðn-

um 4. maímán. 1893, voru hin ákærðu systkini Guðbjörg Guðmundsdóttir og Guðmundur Guðmundsson frá Rimhúsum dæmd fyrir þjónaðartilraun samkvæmt 230. gr. sbr. 46., 47. og 48. gr. hinna almennu hegningarlaga, hún í 8 daga einfalt fangelsi, en hann í 20 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara í 6 daga einfalt fangelsi; auk þess voru þau in solidum dæmd til að greiða iðgjöld til Einars Jónssonar á Yztaskála 40 kr., Guðbjörg 5 kr. í málsvarnarlaun til Einars Einarssonar á Efra-Hóli og Guðmundur 5 kr. í málsvarlarlaun til alþingismanns Sighvats Árnasonar, og loksins voru þau in solidum dæmd til að greiða allan annan málskostnað.

Þessum dómi hefur Guðbjörg fyrir sitt leyti látið skjóta til yfirdómsins, og af hálfu hins opinbera hefur honum verið áfrýjað fyrir bæði hin ákærðu.

Það er sannað með eigin játningu hinna ákærðu, sem styrkist við aðrar skýrslur, sem fram eru komnar í málinu, að þau hafi hinn 18. júlímánaðar 1892 höggvið gat á steinolíutunnu, sem skilin hafði verið eptir 2 dögum áður við skip á Holtsvarasandi fram undan Rimhúsum, í því skyni að stela úr henni brauði, sem þau hugðu að væri í tunnunni; ætluðu þau að borða af brauðinu og taka eitthvað af því heim með sjer í klút, er hin ákærða hafði með sjer. Þegar þau urðu þess vör að steinolía var í tunnunni, en ekki brauð, veltu þau henni á gatið til þess að dylja verknað sinn, og var olían nær því öll runnin úr tunnunni, þegar menn bar þar að rjett á eptir. Eigandi tunnunnar, Einar Jónsson á Yztaskála, hefur krafizt 40 kr. skadabóta fyrir olíumissinn. Það er komið fram í málinu, að faðir hinna ákærðu systkina, Guðmundur bóndi Guðmunds-

son á Rimhúsum, hafi áður en þetta skeði sagt við dóttur sína að hún skyldi setja gat á tunnuna, en hann hefur eigi verið settur undir ákæru í málinu. Hin ákærðu hjálpuðust að við að setja gatið á tunnuna í því skyni að stela úr henni, en Guðbjörg, sem er 9 árum eldri en bróðir hennar, er þá var unglingur á 19. ári, var hvatamaðurinn.

Afbrot hinna ákærðu, sem eigi hafa áður sætt refsingu fyrir nokkurn glæp, hefur hjeraðsdómarinn rjettilega heimfært undir 230. gr. sbr. 46. og 48. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 47. gr. nefndralaga þykir refsingin fyrir Guðbjörgu hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og fyrir Guðmund 8 daga einfalt fangelsi. Með því að það verður að samþykkja ákvæði aukarjettardómsins um iðgjöld og málskostnað, ber að staðfesta hann með áminnztri breytingu á refsingunni. Hinum ákærðu ber og in solidum að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rjettarpróf í málinu voru byrjuð 30. júlí 1892 og framhaldið til 12. ágústmán. s. á. Síðan var ekkert átt við málið fyr en 16. febrúar 1893, þá er lyktapróf var haldið í því, og hefur prófdómarinn viljað rjettlæta þennan drátt með margvíslegum embættisönnum, sem þó eru eigi nákvæmar tilgreindar. Stefna var gefin út í málinu í hjerði 20. febr. f. á. og það síðan tekið fyrir og lagt í dóm 24. marz f. á., dómur uppkveðinn 4. maí og birtur 13. og 19. s. m., en dómsgjörðirnar komu eigi til amtsins fyr en 24. október næst á eptir. Það hefur þannig tvívegis orðið vítaverður dráttur á rekstri málsins í hjerði, en eigi þykir þó nægileg á-

stæða til að sekta hjeradsdómarann fyrir hann. Það vottast, að málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hin ákærða Guðbjörg Guðmundsdóttir sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og hinn ákærði Guðmundur Guðmundsson 8 daga einföldu fangelsi. Um iðgjöld og málskostnað í hjerði á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Hin ákærðu greiði og in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirjettarmálfærslumanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors.

Iðgjöldin greiðist innan 8 vikna eptir lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. maímánaðar.

Nr. 9/1894:

Ólafur prestur Ólafsson á Lundi.

gegn

eigendum Gullberastaða, Jóni Jónssyni og Jóni Tómassyni.

D ó m u r :

Í máli þessu, sem höfðað var fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af Jóni Jónssyni, eiganda og ábúanda jarðarinnar Gullberastaða, gegn prestinum Ólafi